



7. stjórnarfundur LH

6. mars 2017 kl. 15:00 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mættir úr aðalstjórn: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Andrea M. Þorvaldsdóttir og Helga B. Helgadóttir

Mættir úr varastjórn: Sóley Margeirsdóttir og S. Rúnar Bragason, taka sæti í aðalstjórn, Stefán G. Ármannsson, Ingimar Ingimarsson og Magnús Benediktsson sem yfirgaf fundinn um 16.40.

Fjarverandi: Eyþór Jón Gíslason, Haukur Baldvinsson úr aðalstjórn

Gestir: Þórdís Anna Gylfadóttir starfsmaður LH, Guðjón Már Guðjónsson OZ og Þórður Ingólsson og Oddur Hafsteinsson úr tölvunefnd.

1. Kynning á OZ appinu og LH TV

Guðjón í OZ kom sem gestur á fundinn og kynnti OZ appið fyrir stjórn. Sagði frá framtíðarmöguleikum og nýjungum.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 6. fundar.
Samþykkt með breytingum.
Setja inn breytingar og senda aftur á stjórn.

3. Kynning á Sportfeng

Þórður Ingólfsson, formaður Tölvunefndar LH og Oddur Hafsteinsson nefndarmaður mættu á fund og kynntu nýjan uppfærðan Sportfeng. Búið er að prufukeyra nýjan Sportfeng á móti í Vesturlandsdeildinni og gekk vel. Ýmsir punktar ræddir varðandi Sportfeng. Allar keppnisgreinar komnar inn í Sportfeng, nema 3-4. Stefnt er að því að halda kynningarnámskeið í nýjum Sportfeng núna á næstu mánuðum.

4. TREC

Sagt frá stöðu mála. Búið að kalla saman eldri TREC nefnd og fundu hana með þeim. Búið að senda út auglýsingu og bjóða áhugasömum að ganga inn í nefndina. Nokkrir áhugasamir haft áhuga. Næstu skref er að halda fund með þeim sem sýndu nefndinni og málefni áhuga.

5. Laun og útköll dómara

Andrea talaði við Halldór Victorsson formann HÍDÍ vegna hækkunar á útkallsgjaldi dómara úr 15,000 í 20.000. Spurning að breyta orðinu í lágmarksgjald.

6. Fréttabréf LH

Fyrsta útgáfa fréttabréfs LH sem lítur mjög vel út. Spurning hvernig á að dreifa því. Mætti vera samantekt allra fréttanna yfir mánuðinn. Bæta við hvað er á döfinni t.d. á mótaskrá.

7. Skógarhólar – bókunarkerfi

Frestast til næsta fundar.



8. Fundur með forseta Íslands

Lárus, Jóna Dís, Þjéttur og Þórdís heimsóttu Forseta Íslands og kynntu landsliðið og sambandið og buðu honum á Heimsleika. Þarf að senda honum formlegt boð.

9. Fundaferð með FHB og Æskulýðsnefndar

Lárus hefur farið á nokkra fundi um landið með formanni FHB og ábyrgðarmanni hrossaræktar á nokkra staði um landið. Mikil ánægja og góðar viðtökur fundargesta. Æskulýðsnefndin hefur farið á nokkra staði um landið og á eftir að fara á nokkra staði. Vel sóttir fundir og málefnalegir.

10. Samningur við Rangárbakka

Umræður um samninginn og rekstrarmódeilið.

11. Starfsmannamál

Þórdís hefur ákveðið að láta af störfum. Verið er að vinna að starfsgreiningum starfsmanna og verður auglýst eftir nýjum starfsmanni.

12. Önnur mál

- a. Hagagæði – samvinnuverkefni með FHB og fleirum.
- b. Reiðskemmi í Stykkishólmi vígð 18.mars – stjórninni boðið

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18.20
Fundargerð ritaði Þórdís Anna Gyöfadóttir og Helga B. Helgadóttir*